



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi Seesaw

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2022, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Seesaw upplýsingakerfið er kerfi sem ýmiss persónuleg mál skólabarna eru skráð í, svo sem einkunnir. Kerfið er bandarískt og eru upplýsingarnar sendar þangað ódulkóðaðar. Nú þarf borgin að greiða 5 milljónir í sekt fyrir að hafa notað kerfið af gáleysi. Barna er búið að eyða miklum tíma og fjármunum í innleiðingu á kerfi sem ekki var notað í samræmi við fyrirliggjandi öryggiskröfur. Þjónustu- og nýsköpunarsvið tók svo ákvörðun um að henda kerfinu út og ákvað að stofnað yrði sérstakt "Lærdómsfélag" um notkun kerfisins. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um hversu miklum fjármunum hafi verið eytt í verkefnið og allt í tengslum við það?

Svar:

Um Seesaw

Ástæða þess að tekin var ákvörðun um að gera skólum kleift að nota hugbúnaðinn Seesaw var sú að hann þótti henta einstaklega vel í námi og kennslu. Þar geta nemendur og kennarar útbúið rafræna verkefna-/ferilmöppu sem heldur utan um þau verkefni sem valin eru í möppuna. Hugbúnaðurinn styður vel við einstaklingsmiðaða nálgun á námi og kennslu. Að mati skóla- og frístundasviðs hafði lausnin m.a. þann kost að henta vel í kennslu barna með sérþarfir. Kennarar geta miðlað fræðsluefni til nemenda sem þurfa ekki að vera staðsettir innan veggja skólans til að sinna námi sínu. Seesaw er hægt að nýta á flestum skólastigum óháð námsgreinum sem ýtir undir þverfaglega og sveigjanlega nálgun á námi og kennslu. Enn fremur opnast foreldrum gluggi inn í skólastarfið, með foreldraaðgangi, þar sem þeir geta fylgst með verkefnamöppu barna sinna.

Seesaw-nemendakerfið var tekið í notkun í sex reykvískum grunnskólum á vormánuðum 2021. Seesaw-lausnin er notuð af milljónum kennara og skólabarna í meira en 150 löndum um allan heim.

Áður en lausnin var tekin í notkun í tengslum við undirbúning fyrir innleiðingu á Seesaw var stofnað lærdómssamfélag áhugasamra kennara þar sem saman starfa Seesaw kerfisstjórar skólanna, 1-2 úr hverjum skóla, sem þátt myndu taka í innleiðingu. Lærdómssamfélagið hittist 2-4 sinnum í mánuði eða eftir þörfum. Kerfisstjórar og kennarar fengu ítarlega fræðslu um notkun kerfisins og hvernig ætti að nýta kerfið í Reykjavík þar með talið að ekki skuli skrá einkunnir nemenda í kerfið.



Leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga nemenda í Seesaw

Vegna fullyrðingar í fyrirspurn um að ýmsar persónulegar upplýsingar, m.a. einkunnir, hafi verið skráðar í Seesaw-nemendakerfið vill skóla- og frístundasvið taka fram að í leiðbeiningum vegna notkunar Seesaw kom fram að heimilt væri að skrá einfalda endurgjöf í formi stigagjafar á skalanum 1-5 í lausnina en að einkunnir skyldi skrá í kerfi til þess fallin eins og Mentor og Námfús. Þá voru nemendum og kennurum gefin fyrirmæli um að óheimilt væri að skrá viðkvæmar persónuupplýsingar í kerfið. Í leiðbeiningum var tilgreint með skýrum hætti hvað mætti skrá í lausnina.

Miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands

Skóla- og frístundasviði þykir rétt að taka fram að upplýsingum úr Seesaw-kerfinu var miðlað til Bandaríkjanna í samræmi við staðlaða samningsskilmála (e. Standard Contractual Clauses, SCCs). Auk þess hefur Seesaw staðfest að nánar tilgreind gögn sem nemendur geta sett inn í kerfið hafi verið dulkóðuð í flutningi og í geymslu. Lágmarkskröfur um dulkóðun gagna í geymslu voru samkvæmt staðlinum AES-256 og gögn voru flutt í samræmi við verklagsreglur TLS 1.3.

Notkun hætt

Til samræmis við ákvörðun Persónuverndar var notkun lausnarinnar stöðvuð, skólar fengu aðstoð við afritun gagna og fyrirtækinu gefin fyrirmæli um að eyða öllum gögnum tengdum þessum sex grunnskólum úr sínum gagnagrunnum.

Kostnaður

Samkvæmt upplýsingum skóla- og frístundasviðs voru greiddar kr. 520.505.- í janúar 2022 vegna kaupa á leyfum. Jafnframt var sekt að fjárhæð kr. 5.000.000.- greidd þann 3. júní 2022.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda vinnustunda starfsfólks Reykjavíkurborgar í tengslum við innleiðingu lausnarinnar.